

10. ágúst 2006

8. tbl. - 3. árg.

Kerhraunsfréttir

Fróðleikur um gróðursetningu

Sumri hallar og flestar garðplöntur eru að ljúka sumarvextinum og byrjaðar að búa sig undir veturinn. Fjölærar jurtir þroska sérstök vetrarbrum við rótarhálssinn og eru tilbúnar að fella allt sitt skart ofanjarðar um leið og haustveður með frosti og kulda verða ríkjandi. Þessi brum verða síðan upphaf nýs vaxtarskeiðs á komandi sumri. Trjáplöntur hafa líka lokið sér af að mestu á þessum tíma árs. Einmitt núna og nokkuð fram í september leggja þær áherslu á að búa sig sem best undir veturinn. Meðal annars með því að setja kraft í rótarvöxtinn. Og akkúrat þetta gerir haustgróðursetningu trjáplantna mjög fýsilega og tryggir að þær taki flutningunum vel og spjari sig með besta móti á væntanlegum framtíðarstað.

1 VOR EÐA HAUST?

Lengi vel var hefðin sú að hér á landi ættu menn fyrst og fremst að gróðursetja plöntur á vorin. Sennilega vegna þess að eðlilegast þótti að allt tæki betur við sér með hækkandi sól. Enn í dag er vorgróðursetning trjáplantna mun algengari en haustgróðursetning.

Þessu er tímabært að breyta og það sem fyrst.

Fyrir því eru margar ástæður bæði líffræðilegar og veðurfarslegar. Líffræðilega eru trjáplöntur betur búnar undir haustgróðursetningu því þá er rótarvöxturinn kröftugastur og plönturnar þurfa ekki samtímis að streytast við laufgun, ljóstillífun og limvöxt.

Vorgróðursetning býður upp á ala þessa þætti og þar að auki þurfa plönturnar að slást við vorhret, vinda og oftar en ekki þurrk. Álagið á plönturnar verður því mikið, þannig að mikil hætta er á að ekki fari eins og við ætluðumst til. Fyrir ræktunarfólk hefur haustgróðursetningin þá kosti að tímaramminn er lengri þegar engin aðkallandi vorverk kalla á á sama tíma.

Haustgróðursetningu er hægt að framkvæma frá miðjum ágúst og fram eftir öllu hausti svo lengi sem klaki er ekki komin í jörð.

2 Bakkar, plöntur og hnausplöntur

Úrvalið í garðplöntustöðvum er gott um þessar mundir. Veturinn reynir mikið á plöntur sem geymdar eru útivið í allskonar ílátum. Á veturna líður þeim betur á ílátanna. Það er því upplagt að kippa með sér nokkrum plöntum í fjölpottaplöntum, pottum eða með hnaus til að setja niður næst þegar þið farið í sumarbústaðinn.



Það er sko ekki eftir neinu að bíða.

3 Kaffærið ekki rótarhálssinn

Þegar bakkaplöntur eru gróðursettar skiptir mikli máli að rótartappinn fari allur ofan í moldina. Gott er að nota stunguskóflu og stinga upp góðan hnaus með skóflunni, losa úr honum moldina. Blanda moldinni í holunni saman við sveppamassa, þurrkaðan svínaskít, gamalt tað og síðan er plöntunni stungið í holuna og stigið lauslega á og vökvað.

Til að hindra skemmdir vegna holklaka er gott að leggja samanbrotið dagblað að plöntunni og það hulið með mól eða sandi.

Þegar hnaus- eða pottaplöntur eru gróðursettar er í raun farið eins að. Holan þarf að sjálfsgöðu að vera það stór að rúmt sé um ræturnar og meira þarf að lífrænu góðmeti. Það er **ekki** ráðlegt að setja tilbúinn áburð í holurnar, en aftur á móti má í lokin sáldra honum ofan á moldina. Muna alltaf að rótarhálsinn á **alltaf** að vera við yfirborð moldarinnar, ef hann er settur dýpra er hættu á að toppsprotinn missi leiðtogakraftinn þannig að hliðargreinarnar neðan við toppinn fara að togast á um forystuna. Við það verður ekki eðlileg krónumyndum í trénu og vaxtarleg þess verður runnakent og tuskulegt.

4 Varist hringrót

Þegar trjáplöntur haf verið lengi í potti er líklegt að ræturnar fari að vaxa í hringi og þá fá þau svokallaða hringrót. Hringrótin heldur áfram að vaxa í hringi og við það fá tréin ekki nægilega rótfestu þegar þau stálpast og geta því fallið í vindi.

Til þess að koma í veg fyrir þetta er nauðsynlegt að hafa við höndina beittan hníf eða klippur og gera 3 til 4 rötarskurði langsum eftir rötarhusnum áður en honum er komið fyrir í holunni. Frá þessum "sárum" vaxa svo nýjar rætur á eðlilegan hátt út til hliðanna og plönturnar geta staðið fastar á sínu hvað sem á dynur í veðurhamnum.


Áætluð trjákaup í ár

Þessi grein á eingöngu erindi til þeirra sem pantað höfðu tré í vor.

Formaðurinn verður að taka á sig alla sökina í þessu máli. Í rigningartíðinni í júlí var ég alltaf að bíða eftir að veðrið skánaði og átti líka í miklum önnum heima fyrir og þegar ég rankaði við mér var júlí nánast búinn og veðrið litlu skárna þannig að ég talaði við 2 trjákaupmenn í Kerhrauninu og voru þeir sáttir við að bíða til næsta sumars.

Ég bið alla trjákaupendur afsökunar á þessu og vona að þetta verði ekki til þess að þið viljið ekki taka þátt í þessu í framtíðinni.

Aðalskipulag Kerhraunsins



Þar sem margir nýir eigendur hafa flutt í Kerhraunið þá gætu þeir haft áhuga á því að kynna sér svæðið og vita við hvaða götu þeir búa. Þeir sem þess óska geta fengið skipulagsuppráttinn sendan í tölvupósti.

Hafið samband við gudrunmn@simnet.is

Stjórn Félagsins

Guðrún M. Njálisdóttir, formaður
Björtuhlíð 29, Mosfellsbæ,
GSM 896-4437
gudrunmn@simnet.is

Helena Leifsdóttir, gjaldkeri,
Faxatún 2, Garðabær,
GSM 699-7389
helenal@internet.is

Sóley er mjög mikið í bústaðnum sínum þannig að ef einhver vandræði koma upp má leita til hennar ef hún er á staðnum.

Sóley Þórmundsdóttir,
GSM 868-7761
Bústaðurinn hennar er 1. bústaðurinn sem komið er að. (s.s. við endann á beina kaflanum)

Aðrir stjórnarmenn:
Sigríður Hermannsdóttir og Þröstur Ottósson

Tengiliður— kalt vatn

Þeir aðilar sem ætla að tengjast inn á kaldavatsnlögnina þurfa að hafa samband við:

Þorkell Gunnarsson,
Stærri Bæ,
801 Selfoss
GSM 867-0408



Þessi dó ekki ráðalaus